

Nettímarit

Troðningur

19 tbl. Október 2010 - ISSN 1670-8776

Útgefandi: Guðmundur R Lúðvíksson, myndlistamaður

Menning & List

Meðal efnis;

Hellar

**Öðruvísi
bílar**

**Kristin
fræði
og gildi**

Sjónhverfing

Sykurverk

**Fljúgandi
Japanir**

**Framboð til
stjórnlagabings**

Ljóð

Vissir þú

Fíflar



ICELANDIC
ART MAGAZINE

Hellar og hellamyndir. Myndlistasýning í hellum á Íslandi !

Talið er að elstu hellamyndir sem fundist hafi séu um 32.000 ára gamlar. Í Frakklandi og Spáni hafa verið kannaðir um 350 hellar sem fundist hafa með teikningum frá þessum tíma og seinna. Einnig er töluverður fjöldi hella með myndum í Afríku og S-Ameríku. Helsta viðfangsefni



hellamynda eru veiðar og dýr. Þá helst naut (Bison), ljón, sebrahestar og villisvín. Einnig eru til frábærar

mannamyndir, sem og myndir af lífi fólks á þessum tíma sem hægt er að lesa í. Fjöldi safna um allan heim gera þessum tíma góð skil, ber þar að nefna hæst The Metropolitan safnið í New York. En í því safni er fjallað m.a um Afríska list á fyrri tímum þar sem hellaverk spila stórt hlutverk.

Það er því ljóst að teikning / frásögn mannsins í teikningum hefur fylgt honum alla tíð.

Þótt töluverður fjöldi af hellum hafi fundist á Íslandi er ekki vitað til þess að þar hafi fundist teikningar eftir forfedur okkar !


Troðningur ætlar hér á næstu síðum aðeins að fjalla um hella sem hér hafa fundis á Íslandi.

Ástæðan er aðalega sú að á næsta ári er í undirbúningi að halda nokkrar myndlistasýningar í sumum af þessum hellum.



Leiðarendi er um 900 metra langur hellir og hin mesta draumaveröld. Hellirinn gengur til beggja átta út frá niðurfalli og tengjast leiðirnar þannig að hellirinn liggur í

hring (eins og merkilegur uppdráttur í bókinni sýnir). Hellirinn kvíslast og hefur þak vestari rásarinnar brotnað niður. Nokkru neðan niðurfallsins sameinast kvíslarnar á ný og þaðan liggja mikil og falleg göng til norðurs. Það er mjög sérstakt að fara í hellaferð innur niðurfalli og koma svo út klukustundum síðar hinum megin niðurfallsins. Hreint ævintýri fyrir þá sem eru að gera slíkt í fyrsta skipti. Helligöngin eru



víðast hvar lítt hrunin og hellirinn auðveldur yfirferðar þótt auðvitað þurfi aðeins að bogra á einstaka stað og klungrast á öðrum. Sérstaklega lækkar verulega til loftsrústs í hellinum. Töluvert er um skraut, dropsteina, hraunstrá og storkuborð auk þess sem hraunið tekur á sig hinar ýmsu myndir. Á einum stað má til dæmis sjá fyrirbæri í lofti hellisins sem hellamenn kalla “Ljósakrónuna” og svo mætti áfram telja. Þá er beinagrind af sauðkind innarlega í hellinum og má með ólíkindum telja hve langt kindin sú hefur ráfað inn dímman hellinn. Var hún e.t.v. að forðast eitthvað?

Búri:

Fyrir tólf árum [skráð 2005] byrjaði Guðmundur Brynjar Þorsteinsson, svæðisfulltrúi Hellarannsóknarfélags Íslands á Suðurlandi, að líta eftir hugsanlegum helli á svæði því, sem Búri fannst síðan á. Hann leit inn í hraunrás mikils jarðfalls og skoðaði hann það vel og vandlega, bæði til norðurs og suðurs, en ekki var að sjá að framhald væri á hraunrásinni sem þar var og virtist hafa lofað góðu. Hann gafst þó ekki upp eins og góðra hellamanna er síður, forfærði grjót í syðri enda jarðfallsins og við það opnaðist þröngt gat niður í kjallara. Guðmundur var einn við þessa iðju sína svo honum fannst ráðlegast að fara ekki niður að svo komnu máli. Það var líka skynsamlegt hjá Guðmundi. Guðmundur hafði myndavél meðferðis, teygði sig eins langt niður og honum var unnt - og smellti af. Enga fyrirstöðu var að sjá á myndinni þegar filman hafði verið framkölluð.

Efri hluti hraunrásar Búra [í nefndu jarðfalli] reyndist vera um 50 metra langur. Hann er um 7 metra hár, um 9 metra breiður [sjá stærri myndina]. Hrun er í þessum hluta, en víða má sjá fallega rauðleit hraunlöggin, sem svo lítið haldreipi reyndist vera í. Við athugun virðist vera kjallari undir rásinni, en það mun verða fjandanum erfiðara að komast þangað niður.

Raufarhólshellir í Leitahrauni




5000 árum.

Þriðji stærsti hraunhellir á Íslandi

Raufarhólshellir er í Leitahrauni á Reykjanesskaga og myndaðist við hraunrennsli fyrir um



Myndir úr hellinum Búra.



Raufarhólshellir er einn þekktasti hellir landsins enda í alfaraleið. Heildarlengd hellisins er um 1360 metrar. Hellismunnarnir eru fjórir, hver skammt frá öðrum. Hellirinn er mjög hruninn og erfiður

yfirferðar nema allra innst þar sem lítið hefur hrunið úr hellisloftinu. Á veturna er ís fremst í , jafnvel svo að hver steinn er húðaður og því erfitt þar um að fara. Innst kvíslast hellirinn í þrjú göng. Rennslið úr þeim hefur sameinast í Raufarhólshelli. Hraunfossar og aðrar fagar hraunmyndanir eru innst í öllum þessum göngum.

Gríðarlegar hvelfingar eru í Raufarhólshelli, þær mestu í íslenskum hraunhelli ef frá eru taldir Surtshellir og Víðgelmir í Hallmundarhrauni. Ganga um hellinn er mikið ævintýr og margt forvitnilegt ber fyrir augu.

Surtshellir, stærsti og nafntogaðasti hellir á Íslandi, er hraunhellir. Hann er í Hallmundarhrauni sem talið er vera frá 10. öld eins og lesa má um í svári við spurningunni Er „kolefnisklukkan“ alltaf áreiðanleg? Hellirinn er því að öllum líkindum rúmlega 1.000 ára gamall.

Í fornsögunum er víða getið um Surtshelli og sagt frá flokki illvirkja er þar áttu heima og rændu sauðfé sér til matar. Illgerlegt var að ráðast á þá í hellinum sem reyndist gott vígi. Enn má sjá ummerki eftir dvöl útilegumanna í Surtshelli fyrir um 1000 árum síðum og eru þær fornminjar skoðaðar vel í ferðinni. Heildarlengd Surtshellis er um 1970 metrar. Á þekju hans eru fimm göt, öll stór utan eitt. Meginhluti hellisins er með um níu metra lofthæð. Neðst í hellinum er þó lægra til lofts. Það tekur allan daginn að skoða hvern krók og kima í Surtshelli en ef skoða á aðeins það helsta tekur hellaferðin tvær til þrjár klukkustundir.



Surtshellir - Munninn

Laufbalavatnshellar í Skaftáreldahrauni

Eitt allra magnaðasta hellasvæði á Íslandi Það var 8. júní 1783 að Skaftáreldar hófust og gaus þá suðvesturhluti gossprungunnar. Á fimmta degi gossins, 12. júlí, byltist hraunið fram úr Skaftárgljúfri við Skaftárdal og breiddist þar út. Á níunda degi gossins, 16. júní, kom ógnarlegur eldgangur fram úr Skaftárgljúfri og gljúfrið, sem var 100 til 200 metra djúpt og 30 til 40 kílómetra langt, var barmafullt af glóandi hrauni. Næstu vikur æddi hraunið yfir sveitirnar og eyddi bæjum. Þann 29. júlí hófst gos í norðausturhluta sprungunnar sem nú heitir Lakagígar og er lengsta gígaröð á jörðinni. Hraunið kom fram úr gljúfri Hverfisfljóts 7. ágúst. Síðasta eldkastið kom fram úr gljúfri Hverfisfljóts dagana 25.-29. október. Gosinu í Lakagígum, Skaftáreldum, er talið hafa lokið 7. febrúar 1784 en þá sáust þar síðast eldar.

Eftir stendur hraunið, um 656 ferkílómetrar og um 14 rúmílómetrar. Á annað hundrað hraunhellar eru þekktir í hrauninu, bæði stórir og litlir. Í austurálmum hraunsins, norðaustan Laufbalavatns, er eitt allra magnaðasta hellasvæði á Íslandi. Hvergi annars staðar á landinu er vitað um jafnmikið holrými neðanjarðar á jafn litlu svæði. Á landsvæði sem er um hálfur ferkílómetri er vitað um fimm kílómetra af hellum og hafa þeir fengið samheitið Laufbalavatnshellar. Við bjóðum ferðir um Skaftáreldahraun, jafnt um gígaröðina sjálfa (Lakagíga) sem hellana í hrauninu, stóra og smáa.



Hellirinn Ufsi

Vörðuhellir á Þingvöllum

Vörðuhellir er um 1100 metrar að lengd og lengstur þekktra hella á Þingvöllum. Ferð um hellinn er mikið ævintýri en ekki alltaf auðvelt. Fjöldmargt er að sjá og reyna en sumstaðar þarf að leggjast á fjóra fætur til halda áfram för og víða þarf að beygja sig. Þess á milli er hátt til lofts. Um helmingur hellisins er óhruninn og mjög upprunalegur. Þar hafa engar breytingar orðið í yfir 9000 ár. Hraunrennslið hefur skilið eftir sig fjölmargar myndanir og form sem sýna vel hvernig hraun rennur og hvernig kvikan hefur storknað. Villugjarnt er í hellinum og óráð að heimsækja hann nema í fylgd þaulvanra hellamanna. Hellaferðin sjálf tekur um þrjár klukkustundir og er þar um að ræða mikið ævintýri sem seint gleymist. Hellaferðin í Vörðuhelli er einungis fyrir þá sem eru þokkalega vel á sig komnir og er alls ekki fyrir mjög þéttvaxið fólk.

Surning
Hvernig myndast hraunhellar?

Svar
Hraunhellar eru rásir sem hraunbráðin rann eftir og tæmdust síðan.

Hraun renna ýmist í tiltölulega grunnum farvegum, svokölluðum hrauntröðum, nærri yfirborði hraunsins eða bráðin rennur neðanjarðar og leitar niður í óstorknaðan hluta hraunsins og sameinast honum. Við þetta lyftist yfirborð hraunsins og það getur þykknað verulega á stóru svæði auk þess sem svonefndir „troðhólar“ myndast. Þessa sér til dæmis víða stað meðfram Keflavíkurveginum.

Þessi háttur, að hraunkvikan „troðist inn í“ hinn bráðna hluta hraunsins líkt og vatn í belg, er sennilega mun algengari en hinn fyrnefndi, einkum þegar um rúmmálmikil hraun er að ræða.

Þegar hraun rennur eftir hrauntröð myndast þegar í stað storkin skán á yfirborði þess. Þegar skánin þykknar getur hún orðið að föstu þaki yfir hraunrásinni sem helst stöðugt þótt lækki í hraunstraumnum undir. Hraunhellar eru sem sagt rennslirásir eða „pípur“ sem hafa tæmst að meira eða minna leyti.

Kristin fræði og gildi.

Umræðan:

Um þessar mundir fer fram nokkur umræða um það hvort banna eigi Kristið uppeldi og fræðslu á leikskólum og öðrum skólum þessa lands. Einhvern vegin hefur einhverjum tekist að snúa hlutunum upp í loft og nú á sem sagt að úthýsa grunnildum okkar sem varið hafa í meir en 1000 ár. Ástæðan er sú að virðist, að hingað hafi komið hópur af fólki sem leitað hafi eftir annari búsetu en það ólst upp við og tekur með sér trúarleg gildi sem það hafði alist upp við frá barnæsku. Af þeirri ástæðu skal banna börnum sem hér eru fædd, alin upp við Kristileg fræði, af foreldrum sem þekkja í raun ekki annað, og vilja jafn vel ekki þekkja annað, nú skal sem sé banna þeim að rækta kristilegt uppeldi. Í staðin á að taka upp “ ekkert “ , því það er svo miklu þægilegra fyrir ábyrgðarlausu stjórnámálameð að afgreiða þannig málin. Trúmál eiga að vera eitthvað einkamál. Þau hafa sem sé ekki lengur neitt samfélagslegt gildi ? En það kannski gleymist að trú er líka lífsgildi.

Mér er sem ég sjái að svona rugl geti gerst annarstaðar en hér í þessu steingelda pólitíska samfélagi. Sjáið fyrir ykkur þetta gerast annarstaðar, t.d á Spáni, Ítalíu, Tyrklandi, Grikklandi eða nánast hvar sem er “ nema “ á Íslandi. Ástæðan er öllum að verða ljós. Okkur hefur tekist að safna saman um allt í stjórnkerfinu því líkum aulum og fólki sem er að drepast úr minnimáttakennd, að það getur ekki einu sinni tekið sómasamlegar og ábyrga afstöðu um nokkurn hlut af ótta við það eitt að hafa skoðun á hlutunum.

Sem betur fer getum við sagt, að breytingar verða örugglega á þessu á næstu misserum, eða örugglega þegar fólk fær næst að kjósa til alþingis. Gera má ráð fyrir að allir - já allir flokkarnir sem hér hafa verið starfandi í áratugi, þurrkist upp eins og vatn á heitri eldaveilahellu. Þá vonandi nær fólk áttum og gildi Kristilegs samfélags fái aftur að ná fótfestu og lagt verði af þessu græðgis og einkapots samfélagi sem komið var hér á !



Fljúgandi Japanir !

Troðningur rakst á þessar myndir af fljúgandi Japönum ! Tölvuvinnsla í allri sinni mynd hefur náð að heilla marga og margir farið á svokallað “ photoshop fyllery “. Margt af þessu er æði vel gert og oft má skemmta sér við að skoða myndir og auglýsingar sem þannig hafa verið unnar. Í raun má færa fyrir því rök að þessi nýja tækni hefur hamast við að nálgast myndlistaheiminn eins og hann var í háendurreisninni og einnig á súrrelíska tímabilinu. Myndmálið er ákaflega líkt, nema þá að oftast eru þessi ljósmyndaverk höfð í nútímanum. Segja má að grafísk hönnun hafi í raun tekið stökkbreytingum með tölvu og digital væðingunni. Nú getur í raun hver sem er unnið grafíska vinnu sem eitthvað kann fyrir sér í vinnslu ljósmynda, umbrotaforrita og textavinnslu.

Troðningur birtir hér nokkrar myndir af myndum sem unnar eru í Photoshop í þessum stíl.






Sjónhverfingar. List og brella !

Sjónhverfingar eru afar gamalt trikk til að blekkja saklausa áhorfendur. Í töfrabrogðum er mikið notast við sjónhverfingar. Til eru fjöldinn allur af allskonar myndum og verkum þar sem sjónhverfingum er beitt til að rugla áhorfendan í rýminu. Af og til tekur myndlistin upp á þessu og haldnar eru sýningar þar sem þessum “ töfrum “ er beitt. Oft eru miklar þælingar á bakvið einfalda hluti og venjulegu fólki nánast óskiljanlegt hvernig farið er að. Jafnvel eru til heilu skólarnir þar sem kennd eru svo kölluð “ töfrabrogð “ sem að megninu ganga út á að villa um fyrir fólki og láta hlutina líta út sem þeir séu yfirnáttúrulegir.

Hér eru nokkrar myndir sem er vert að kíkja aðeins á og velta fyrir sér.



Furðulegir bílar eða hvað ?

Bíll er ekki bara bíll ! Það hafa Amerikanar sannað svo ekki verður um villst. Til eru í öllum gerðum og stærðum hinir furðulegustu ökutæki. Yfirleitt eru þetta bílar sem hefur verið breytt allhressilega. Hver og einn gerir hvað hann getur til að vekja athygli á sinni smíði eða hugmynd. Það sem meira er að engin fyrirstaða er að nota þessa bíla. Hverjum og einum er jú frjálst að gera hvað hann vill við bílinn sinn. Þessi uppátæki eða eigum við að segja þessi sköpunargleði og hugmyndaauðgi er bara flott flóra við allt annað. Því miður hefur þessi ástríða ekki náð neinum tókum hingað í þeirri mynd sem hér er sýnd. Einu breytingarnar sem hér hafa sést felast í að breyta jeppum í einhverskonar tröll með hagnýtu gildi. Kannski eigum við eftir að fá að sjá svona skemmtilega útfærslur á bílum í framtíðinni hér á landi. Án efa mundi það lita lífið gleðilítum og setja skemmtilegan brag á mannlífið á góðum degi.



Fíflar að hætti Japana og örlítill fróðleikur.



Fíflar að hætti Japana

Fíflar 5-10 á mann
hvannasprotar eða
stönglar
olía til
djúpsteikingar.

Deig:

1 bolli af fínmöluðu spelthveiti
1 vistvænt egg
1 bolli af ísköldu vatni.

Ídýfa:

3/4 bolli af fiski- og þangsoði (dashi súpusoð fæst oft tilbúið)
1/4 bolli af mirin (sætt hrísgrjónavín)
1/4 bolli soyja sósa.

Meðlæti:

rifinn engiferrót
rifinn radísa (daikon hvít radísa).

Fíflakrónur eru týndar á sólríkum vordegi og settar í bleyti. Deig er hrært varlega saman í ísköldu vatninu (sumir segja mest tíu hrætur!) Fíflakrónum og hvönn er dýft í deigið og svo sett í heita djúpsteikingar olúna. Best er að steikja lítið í einu. Ídýfan er soðin upp í potti og sett í litlar skálar hjá hverjum matargesti.

Fróðleikur:

Fíflablöð (*taraxacum officinale*) er líklega útbreiddasta og mest tínda villijurtin. Hana er að finna bókstaflega út um allt. Á Ítalíu eru fíflablöð notuð mikið í matargerð og eins eru unnin úr þeim bætiefni og menn taka kúra sérstaklega á vorin (til að hreinsa líkamann) með fíflaseyði, hylkjum ofl. Nóg er af fíflunum á Íslandi, en notkun þeirra ekki eins almenn og gengur og gerist í Evrópu, en það er þó að breytast. Best er að tína fíflablöð rétt fyrir blómgun (þ.e. í júní), því þá er mestur kraftur í blöðunum og gæta verður sérstaklega að því að tína þau á mengunarlausum svæðum, uppi í sveit en ekki inni í borg, því annars er hætt við því að hinir góðu og heilnæmu eiginleikar fíflanna víki fyrir nánast eitruðum blöðum.

Fíflablöð hafa í aldanna rás verið notuð sem

lækningajurt og plantan er hátt skrifuð vegna hreinsandi eiginleika sinna. Fíflablöð henta ýmist soðin (líkt og um spínat væri að ræða, þá er notað lítið vatn og síðan hægt að bragbæta maukuð blöðin t.d. með smjöri og salti og e.t.v. eggji), í salöt, í seyði ofl. Ræturnar eru tíndar frá vori fram á haust og hægt er að þurrka þær og nota einnig yfir vetrartímann. Þær innihalda tarrasisína, tarrasína og tarrasseroló (sem hafa hreinsandi áhrif á lifrina) og ýmsar sýrur, þ.á.m. línólsýru og A, B, C og D-vítamín. Blöðin (fersk eða þurrkuð), innihalda fítósteról, tarrasín, kólín, C-vítamín og dálítið af tanníni.

Blöðin er sem fyrr sagði frábær í salöt af ýmsu tagi og soðin eins og spínat. Mjög gott er að borða blöðin soðin volg með dreitil af jómfrúrólfuolíu, sítrónu og salti. Soðin fíflablöð sem hafa verið krydduð (conditi á ítölsku) annað hvort með olíu, sítrónu og salti eða smjöri og salti eru frábært meðlæti t.d. með rauðu grilluðu kjöti eða soðnum kjúklingi. Fíflablöð er hægt að nota í ýmsa rétti. T.d. þennan hrísgrjónarétt: Sjóðið fíflablöðin í litlu vatnið og sigtið. Yljið grjón í smjöri og ólífuolíu ásamt dálitlu af steiktum vorlauk, bleytið upp í með soði, 1-2 ausur í einu og þegar grjónin eru hálfsoðin, bætið þá fíflablöðum saman við. Skvettið smá hvítvíni saman við, saltið og piprið. Bætið smá skevttu af rjóma saman við áður en rétturinn er tekinn af pönnu og borinn fram. Ég elska svo þessar krúttlegu “frittellur” eða soðkökur þar sem blómin eru hins vegar notuð:

4 bollar fíflablóm, skoluð og þerruð
150 g hveiti

1 glas þurrt hvítvín

1 eggjarauða og 2 hvítur


smá skvetta af brandi

smá sykur og olía til að steikja uppúr (ég nota jarðhnetuolíu)

Búið til deig með því að blanda öllu saman (stíflpeyttum eggjahvítunum í lokin). Veltið blómunum upp úr deiginu og djúpsteikið þar til léttgyllt og stökk. Leggið á eldhúspappír og látið mestu olíu leka af.

Vinsæll ítalskur kjötréttur, þar sem meðlætið er hluti af réttinum má segja (piatto unico) er “Tagliata alla rucola e grana”, eða þunnt sneitt þurrsteikkt nautafillet með rúkola og granaosti. Hér er tilbrigði við þann rétt þar sem fíflablöð eru notuð í stað rúkola. Tilvalið á sumrin, þar sem rúkola fæst allt árið um kring, en fíflablöðanna nýtur aðeins við á sumrin.

Ljóð



Ég er aleinn á afsketum stað.

*Aleinn á afsketum stað
í óbygðum.
Þar sem vindurinn
einn hefur mál,
og öll blómin
hneigja sig
í austurátt.*

*Aleinn á afsketum stað
í skjóli.
Þar sem sólin
hefur engin umráð,
og ekkert þar er
til að lifa
á moldinni.*

*Aleinn á afsketum stað
við læk.
Þar sem flugan
berst fyrir lífi sínu,
og vökulir fiskar
hafa aðgát
fyrir veiðimanni.*

Ég er aleinn á afsketum stað.

Vissir þú að...

...Aðeins 1 af hverjum 2 milljörðum munu lifa til 116 ára aldurs

...Það er mögulegt að leiða kúr upp stiga en ekki niður

...Konur blikka augunum næstum tvöfalt oftast en karlar

...snigill getur sofið í 3 ár

...ekkert orð í ensku rímar við month

...augun á okkur eru alltaf jafn stór frá fæðingu en nefið og eyrun hætta aldrei að vaxa

...allir snjóbirnir eru örvhentir

...forn-egyptískir prestar plokkuðu ÖLL hár af líkamanum, líka augna-brúnirnar og augnhárin

...augun á strútum er stærri en heilinn í þeim

...typewriter er lengsta orðið sem hægt er að skrifa með aðeins einni röð á lykklaborðinu

...ameríkanar borða að meðaltali 18 ekrur af pizzu hvern einasta dag

...ef þú myndir öskra í 8 ár, 7 mánuði og 6 daga myndir þú búa til næga orku til að hita 1 kaffibolla

...rottur fjölga sér svo hratt að eftir 18 mánuði geta tvær rottur átt milljón afkomendur

...súperman kemur fyrir í hverjum einasta sjónvarpsþætti af Seinfeld

...kveikjari var fundinn upp á undan eldspýtum

Myndlist í Rotterdam Hollandi í dag.

Troðningur leit inn á nokkrar sýningar í Hollandi, nánar í Rotterdam. Margt er þar í gangi eins og víðar. Hér eru smá upplýsingar og myndir af því sem Troðningur rakst á.




Museum Boijmans Van Beuningen
Japanska listakonan Yayoi Kusama.


Between You and I
Intervention 4, Ayse Erkmen, 15-5519, 2010
On view from 11 September 2010 to 31 December 2010



Cosima von Bonin
Foreground: TOTAL PRODUCE (MORALITY), 2010
Background: PRIVATO, 2010
Courtesy the artist, Galerie Daniel Buchholz (Cologne)
and Friedrich Petzel (New York)
Installation photo Witte de With 2009: Bob Goedewaagen



Jeffrey Vallance, Blinky the Friendly Hen



Don't Worry, Be Happy - MAMA Show room


Læknirinn eftir Gumma




Getum við notað þennan ?



53/2010



Sykurverk.







FRAMBOÐ

TIL STJÓRNLAGAÞINGS

Ég undirrituð/undirritaður

Guðmundur R Lúðvíksson

Fullt nafn

Borgarvegur 5 - 260 Njarðvík Reykjanesbæ

Lögheimili

5775750@isl.is

Tölvupóstfang

1801544779

Kennitala

Myndlistamaður

Staða / starfsheiti

5678110 / 6151800

Sími

býð mig fram til setu á stjórnlagabingi með vísan til 8. gr. laga nr. 90/2010, um stjórnlagabing.

Í samræmi við ákvæði sömu lagagreinar fylgir framboði þessu:

 Meðmælendalisti

Útprentaður listi með tilskildum fjölda meðmælanda, undirritaður af þeim sjálfum, svo og undirskrift vitundarvotta sem staðfesta undirritun meðmælendanna.

 Rafrænt fylgiskjal 1 - kynning

Lýsing á framboði mínu í samandregnu máli á meðfylgjandi fylgiskjali nr. 1 vegna kynningarefnis.

 Rafrænt fylgiskjal 2 - ljósmynd

Andlitsmynd af framboðanda á rafrænu formi en kallað er eftir henni vegna kynningarefnis.

Rafræn mynd skal vera í prentupplausn (a.m.k. 300 pixlar) og hana þarf að merkja (vista) með kennitölu viðkomandi (án bandstriks).

Reykjanesbæ

Staður

11.10. 2010

Dagsetning

Undirskrift framboðanda

Leiðbeiningar við skil á framboði. Fylgið næstu tveimur skrefum.

Skref 1. Hvað skal póstlagt?

Vinsamlegast sendið eftirfarandi skjöl í pósti:

- Framboð til stjórnlagabings
- Meðmælendalisti

á póstfangið:

Landskjörstjórn
Alþingishúsinu við Austurvöll (Skáli)
b.t. ritara landskjörstjórnar
150 Reykjavík

Skref 2. Hverju þarf jafnframt að skila rafrænt?

Vinsamlegast sendið eftirfarandi skjöl rafrænt:

- Framboð til stjórnlagabings
- Rafrænt fylgiskjal 1 - kynning
- Rafrænt fylgiskjal 2 - ljósmynd

Prentaðu út eyðublaðið
og undirritaðu framboðiðFylltu út eyðublaðið
og vistaðu skjalið



Nettímarit

Troðningur

Menning & List



ICELANDIC
ART MAGAZINE